
SKÓLAÞRÓUNARSVIÐ KENNADEILDAR HA

Þingvallastræti 23, 600 Akureyri

Sími 463-0570, Fax 463-0997

DALVÍKURBYGGÐ

HAGKVÆMNIATHUGUN Á FÆRSLU Á
STARFSEMI HÚSABAKKASKÓLA TIL
DALVÍKURSKÓLA

Helgi Gestsson

Trausti Þorsteinsson



Október 2004

Efnisyfirlit

1	Inngangur	2
2	Gögn, aðferðir og helstu forsendur	5
3	Fjöldi nemenda í Húsabakka- og Dalvíkurskóla.....	6
4	Kostnaðargreining.....	10
5	Hagkvæmnimat	12
6	Lokaorð	16
7	Heimildir	16

Töflur

Tafla 1: Fjöldi nemenda í grunnskólum Dalvíkurbyggðar árin 1999 – 2004.	6
Tafla 2: Fjöldi nemenda og deilda í Dalvíkurskóla miðað við að 9. og 10. bekkur af Árskógsströnd verði á Dalvík og allir nemendur úr Svarfaðardal.	6
Tafla 3: Sameinaður nemendafjöldi Dalvíkur- og Húsabakkaskóla eftir árgöngum skólaárið 2003-2004.	7
Tafla 4: Raunfjöldi bekkjardeilda við Dalvíkurskóla skólaárið 2003-2004 og sambærileg skipting ef nemendur Húsabakkaskóla hefðu verði þar við nám.	7
Tafla 5: Sameinaður nemendafjöldi Dalvíkur- og Húsabakkaskóla eftir árgöngum skólaárið 2004- 2005.	8
Tafla 6: Skipulagður fjöldi bekkjardeilda við Dalvíkurskóla skólaárið 2004-2005 og sambærileg skipting ef nemendur Húsabakkaskóla hefðu verið þar við nám.	9
Tafla 7: Laun og launatengdir liðir á verðlagi hvers árs.	10
Tafla 8: Annar kostnaður í rekstri Húsabakkaskóla árin 2002-2004.	10
Tafla 9: Tekjur af starfsemi Húsabakkaskóla á verðlagi hvers rekstrarárs.	11
Tafla 10: Reiknaðir liðir og óreglulegir vegna starfsemi Húsabakkaskóla á verðlagi hvers árs.	11
Tafla 11: Árleg lækkun launakostnaðar til næstu fimm skólaára við færslu á starfsemi Húsabakkaskóla til Dalvíkurskóla. Miðað er við verðlag yfirstandandi árs.	13
Tafla 12: Árleg lækkun annars kostnaðar til næstu fimm skólaára við færslu á starfsemi Húsabakkaskóla til Dalvíkurskóla. Miðað er við verðlag yfirstandandi árs.	13
Tafla 13: Árleg lækkun greiðslustreymis til næstu fimm skólaára vegna tekna við færslu á starfsemi Húsabakkaskóla til Dalvíkurskóla. Miðað er við verðlag yfirstandandi árs.	14
Tafla 14: Árleg lækkun reiknaðs kostnaðar til næstu fimm skólaára við færslu á starfsemi Húsabakkaskóla til Dalvíkurskóla. Miðað er við verðlag yfirstandandi árs.	14
Tafla 15: Núvirt greiðslustreymi vegna færslu á starfsemi Húsabakkaskóla til Dalvíkurskóla. Raunávöxtunarkrafa er 5% sem er í samræmi við fyrirgreiðslu Aðalsjóðs. Horft er fram til fimm skólaára.	15

1 Inngangur

Í marsmánuði árið 2003 skilaði skólaþróunarsvið kennaradeildar HA skýrslu til bæjarráðs Dalvíkurbyggðar þar sem að gerð var úttekt á skólalaldi í Dalvíkurbyggð með það að markmiði að leggja mat á hugmyndir vinnuhóps sveitarfélagsins um breytt fyrirkomulag skólamála í Dalvíkurbyggð. Kannaðar voru í senn faglegar, félagslegar og fjárhagslegar forsendur breytinga á skólalaldi í bæjarfélaginu.

Í Dalvíkurbyggð eru starfræktir þrjú skólar en með sameiningu þriggja sveitarfélaga, Dalvíkurbæjar, Árskógshrepps og Svarfaðardalshrepps árið 1998 erfði hið nýja

sveitarfélag, Dalvíkurbyggð, þrjá skóla sem starfræktir voru í hverju hinna fyrri sveitarfélaga, Dalvíkurskóla, Húsabakkaskóla og Árskógarskóla. Skömmu áður en sveitarfélögin voru sameinuð gengu í gildi ný lög um grunnskóla þar sem allur rekstur þeirra fluttist til sveitarfélaga. Með þeirri breytingu varð ljóst að fræðslumál yrði stærsti málaflokkur í rekstri hvers sveitarfélags og ljóst að samfara auknum kostnaði við málaflokkinn yrðu sveitarfélög að leita hagræðingar en jafnframt að tryggja nemendum öflugt námsframboð og hagstæð skilyrði til náms. Var það hvati úttektaþeiddni bæjarráðs Dalvíkurbyggðar.

Helstu niðurstöður ofanefndrar skýrslu voru þær að hámarks hagræðingu í rekstri skólanna yrði náð með sameiningu þeirra allra í einn skóla. Með því myndi nást hámarks nýting á hvern kennslutíma. Húsnæðisaðstæður skólanna myndu þó tæpast leyfa sameiningu af slíku tagi nema til kæmi aukið húsrými. Hægast yrði fyrir Dalvíkurskóla að taka við öllum nemendunum með því að taka gamla skólann við Skíðabraut í notkun að nýju fyrir skólann. Þá stæðu að vísu hús tveggja skóla ónýtt og finna yrði aðra starfsemi fyrir það.

Við gerð skýrslunnar varð ekki séð að Dalvíkurbyggð skæri sig úr gagnvart öðrum sveitarfélögum hvað varðar útgjöld til fræðslumála. Þó hlutfall málaflokksins í rekstri líkist meir því sem gerist í sveitarfélögum með 300-999 íbúa (fámennum sveitarfélögum) samkvæmt upplýsingum úr Árbók Sambands íslenskra sveitarfélaga virðist það sama eiga við um sveitarfélög sambærileg Dalvíkurbyggð. Ljóst mátti þó vera að gera má betur í að nýta framlög til fræðslumála og nálgast þannig meir það sem fjölmennari sveitarfélög verja til málaflokksins. Allir skólarnir virðast vera vel reknir í samanburði við sambærilega skóla.

Fjárhagslegt hagræði þess að færa starfsemi hinna skólanna tveggja til Dalvíkurskóla var í skýrslunni metið verulegt eða um 33 milljónir króna á ári beri sveitarfélagið áfram fullan kostnað af húsnæði skólanna tveggja en rúmleg 43 milljónir á ári losni sveitarfélagið alfarið við rekstur húsnæðis og reiknaða leigu¹. Sé starfsemi annars skólans færð til Dalvíkurskóla eru sambærilegar niðurstöður ef um Árskógarskóla er að ræða um 20 og 25 milljónir króna en rúmlega 26 og 31 milljónir króna ef um Húsabakkaskóla er að ræða.

Í bréfi frá fræðsluráði Dalvíkurbyggðar til Skólaþróunarsviðs Kennaradeildar HA hinn 21. maí 2004 kemur fram að í framhaldi af gerð skýrslunnar „*hefur í vetur farið fram áframhaldandi vinna í fræðsluráði í þá átt að hagræða í rekstri grunnskólanna í Dalvíkurbyggð og beinist hún að tillögugerð til bæjaryfirvalda varðandi tvennt:*

Annars vegar eru ýmis hagræðingaratriði sem áætlað er að taki gildi frá og með skólaárinu 2004-2005. Hér er um að ræða ýmis atriði sem snerta almennan kennslukvóta, sérkennslukvóta, rammafjárhagsáætlun, skólamáltíðir, skólaakstur, samræmingu skólatíma og önnur smærri atriði sem ekki eru fullmótað.

Hins vegar er um að ræða gagnngerar breytingar á skólaskipan í þá átt að fækka kennslustöðum/skólum um einn þannig að eftir verði tveir sjálfstæðir grunnskólar, á Dalvík og í Árskógi. Húsabakkaskóli yrði lagður niður eða sameinaður Dalvíkurskóla enda aðeins 6 km á milli þeirra og nánast helmingur nemenda frá Dalvík“.

¹ Miðað er við meðalverðlag rekstrarárs 2002

Um samdist að skólaþróunarsvið kennaradeildar HA tæki að sér hagkvæmniathugun á færslu á starfsemi Húsabakkaskóla til Dalvíkurskóla. Helgi Gestsson, lektor við rekstrardeild HA og Trausti Þorsteinsson, forstöðumaður skólaþróunarsviðs kennaradeildar Háskólans á Akureyri önnuðust hagkvæmniathugunina fyrir hönd skólaþróunarsviðs kennaradeildar.

Þessi hagkvæmniathugun er afrakstur athugunar á fyrirbyggjandi gögnum og vettvangsathugunum þar sem forsendur fyrir breytingum á skólalaldi á svæðinu vegna sameiningar á starfsemi skólanna tveggja voru metnar með tilliti til fjárhagslegra þátta.

2 Gögn, aðferðir og helstu forsendur

Megintilgangur verkefnis þessa lýtur að því að draga saman nauðsynlegar upplýsingar, greina þær og í framhaldi af því meta fjárhagslega hagkvæmni þess að grunnskólastarfsemi Húsabakkaskóla verði færð til Dalvíkurskóla. Áhrif hagræðingarinnar eru metin út frá áhrifum á málaflokkinn rekstur grunnskóla í Dalvíkurbyggð en tekið er tillit til áhrifa á rekstur sveitarfélagsins alls. Við hagkvæmniathugunina eru varfærnessjónarmið höfð að leiðarljósi hvað varðar mat á greiðslustreymi af breytingum. Niðurstöður athugunarinnar byggja að auki á fram settum forsendum skýrsluhöfunda.

Þessari athugun má í stórum dráttum skipta í tvo megin þætti. Í fyrsta lagi felst hún í söfnun og greiningu ýmissa gagna um skólalald á svæðinu, rekstur sveitarfélaga og lýðfræðilega þætti. Þessi gögn voru fengin úr ofnanefndri skýrslu skólaþróunarsviðs kennaradeildar HA, hjá skólamálafulltrúa, fjármála- og stjórnsýslustjóra Dalvíkurbyggðar eða opinberum aðilum.

Hinn megin þáttur rannsóknarinnar felst í mati á hagkvæmni þar sem forsendur og niðurstöður mats eru settar fram. Valin er sú leið að sýna sundurliðun tekju- og kostnaðar vegna rekstrarárs 2003 í Húsabakkaskóla, það sama vegna endurskoðaðar fjárhagsáætlunar fyrir árið 2004 og loks sundurliðun fyrir viðeigandi² greiðslustreymi vegna sameiningarinnar. Greiðslustreymið er síðan dregið saman, metið til fimm skólaára og núvirt með þeirri raunávöxtunarkröfu sem talið er að falli á þær skuldir sveitarfélagsins sem sparast vegna lægri fjárbindingar.

Eftirfarandi forsendur helstar eru lagðar til grundvallar við hagkvæmniathugunina:

1. Starfsemi grunnskólans að Húsabakka færist til Dalvíkurskóla haustið 2005.
2. Nemendur Húsabakkaskóla hefja nám við Dalvíkurskóla haustið 2005.
3. Starfsfólki Húsabakkaskóla sem rétt eiga á biðlaunum verður boðið sambærilegt starf við Dalvíkurskóla eða Dalvíkurbyggð, nema skólastjóra, en honum verður ekki hægt að bjóða sambærilegt starf. Öðrum starfsmönnum skólans verður annað hvort boðið starf við Dalvíkurskóla eða sagt upp störfum með eðlilegum uppsagnarfresti.
4. Breytingar á umfangi skólaaksturs vegna tilfærslunnar munu ekki valda hreinum kostnaðarauka.
5. Þó svo að fjölgun nemenda við Dalvíkurskóla vegna tilfærslunnar muni auka þrýsting á stækkun aðstöðu þar þá mun það eitt og sér ekki leiða til beinna fjárútláta á næstunni.
6. Starfsemi leikskóla við Húsabakkaskóla mun flytjast um áramót 2005-2006 í aðra leikskóla bæjarfélagsins án kostnaðarbreytinga.
7. Húsnæði Húsabakkaskóla og rekstur þess verður til fimm ára, frá og með áramótum 2005-2006, afhentur aðilum sem greiða engar leigugreiðslur en annast þess í stað nauðsynlegt viðhald eigna.

² Viðeigandi stendur hér fyrir enska orðið *relevant* og vísar til þeirrar breytingar sem verður á greiðslustreymi við breyttar aðstæður

3 Fjöldi nemenda í Húsabakka- og Dalvíkurskóla.

Frá árinu 1999 hefur fjöldi nemenda í grunnskólum Dalvíkurbyggðar sveiflast nokkuð en þó virðist sem þeim fari heldur fækkandi á þessu ári og því síðasta. Tafla 1 hér að neðan byggir á upplýsingum um nemendafjölda sem sóttar eru á vef Hagstofu Íslands fyrir árin 1999 til 2003 (Hagstofa Íslands, 2004) og áætlun um nemendafjölda fyrir 2004 sem byggir á upplýsingum af heimasíðu skólanna haustið 2004. Spá frá apríl 2003 er úr skýrslu skólaþróunarviðs kennaradeildar HA um framtíðarskipan grunnskólamála í Dalvíkurbyggð (2003).

Tafla 1: Fjöldi nemenda í grunnskólum Dalvíkurbyggðar árin 1999 – 2004.

<i>Nemendafjöldi í grunnskólum Dalvíkurbyggðar</i>						
	1999	2000	2001	2002	2003	2004*
Dalvíkurskóli	244	275	261	256	268	248
Húsabakkaskóli	52	52	53	51	38	44
Árskógarskóli	73	64	62	71	52	50
Alls	369	391	376	378	358	342
<i>Spá frá apríl 2003</i>					372	362
Frávik frá spá					-14	-20
<i>Frávik frá spá í %</i>					-3,8%	-5,5%

* Upplýsingar af heimasíðu skólanna fyrir skólaárið 2004 -2005.

Í skýrslu skólaþróunarviðs (2003) var sett fram spá um fjölda nemenda í Dalvíkurskóla og Árskógarskóla skólaárin frá 2003 – 2008, að því gefnu að nemendur 9. og 10. bekkjar af Árskógsströnd og allir nemendur Húsabakkaskóla myndu sækja í Dalvíkurskóla. Eins og sést af mynd 2 var þar búist við stöðugri fækkun nemenda í hinum stækkaða Dalvíkurskóla meðan nemendafjöldi í Árskógarskóla yrði fljót nokkuð stöðugur.

Tafla 2: Fjöldi nemenda og deilda í Dalvíkurskóla miðað við að 9. og 10. bekkur af Árskógsströnd verði á Dalvík og allir nemendur úr Svarfaðardal.

<i>Skólaár</i>	<i>Dalvíkurskóli</i>			<i>Árskógarskóli</i>		
	Fj. nem.	Fj. deilda	Fj. nem. í deild	Fj. nem.	Fj. deilda	Fj. nem. í deild
2003-2004	318	17	18,7	56	4	14,0
2004-2005	310	17	18,2	52	4	13,0
2005-2006	308	16	19,3	49	4	12,3
2006-2007	301	16	18,8	50	4	12,5
2007-2008	272	15	18,1	52	4	13,0

Í samræmi við forsendur um nemenda- og bekkjardeildafjölda sem birtist í töflu 2 er ekki reiknað með í skýrslu skólaþróunarviðs öðru en að öll starfsemi rúmist í Dalvíkurskóla án stækkunar aðstöðu. Sú breyting sem orðið hefur nú þegar á nemendafjölda hins stækkaða Dalvíkurskóla frá spánni bendir til þess að fækkun nemenda komi fyrr fram en búist hafði verið við og jafnvel má búast við meiri fækkun nemenda skólans á tímabilinu en spáin gerir ráð fyrir. Ljóst er að sá þrýstingur á stækkun aðstöðu Dalvíkurskóla sem myndast gæti vegna færslu starfsemi Húsabakkaskóla til Dalvíkurskóla er hverfandi. Þau áhrif sem sameining þessara skóla hefði haft skólaárið 2003-2004 sést betur af töflu 3 hér á eftir.

Tafla 3: Sameinaður nemendafjöldi Dalvíkur- og Húsabakkaskóla eftir árgöngum skólaárið 2003-2004.

<i>Nemendafjöldi</i>				
<i>2003-2004</i>	Bekkir	Dalvíkurskóli	Húsabakkaskóli	Samtals fjöldi
	1. bekkur	24	2	26
	2. bekkur	28	0	28
	3. bekkur	15	6	21
	4. bekkur	25	6	31
	5. bekkur	16	3	19
	6. bekkur	20	2	22
	7. bekkur	33	11	44
	8. bekkur	19	8	27
	9. bekkur	37		37
	10. bekkur	45		45
	Samtals	262	38	300
	Skýrsla í apríl 2003			318
	Breyting frá spá			-18

Vífill Karlsson (2003), dósent við Viðskiptaháskólann á Bifröst, hefur í rannsóknarskýrslu sinni um meðalkostnað íslenskra grunnskóla bent á að stærðarhagkvæmni sveiflist nokkuð reglulega í takt við heildarfjölda nemenda. Niðurstöður rannsóknar hans benda til þess að 1% fjölgun nemenda lækkar meðalkostnað um 0,27%. Þegar fleira er skoðað má draga saman og segja „að stærri skólar eru ekki nauðsynlega hagkvæmari en þeir minni ef menn gæta ekki að stærð bekkja og fjölgun annarra starfsmanna samtímis“. Þetta sést vel af töflu 4 hér á eftir sem sýnir röðun nemenda í Dalvíkurskóla í bekkjardeildir skólaárið 2003 – 2004.

Tafla 4: Raunfjöldi bekkjardeilda við Dalvíkurskóla skólaárið 2003-2004 og sambærileg skipting ef nemendur Húsabakkaskóla hefðu verið þar við nám.

<i>Fjöldi bekkjardeilda</i>				
<i>2003-2004</i>	Bekkir	Úthlutun Dalvíkurskóli	Viðmið Dalvíkurskóli	Viðmið Báðir skólar
	1. bekkur	2	2	2
	2. bekkur	2	2	2
	3. bekkur	1,5	1	1
	4. bekkur	2	1	2
	5. bekkur	1	1	1
	6. bekkur	1,5	1	1
	7. bekkur	2	2	2
	8. bekkur	1	1	1
	9. bekkur	2	2	2
	10. bekkur	2	2	2
	Samtals	17	15	16
	Slaki frá viðmiði		2	1
	Skýrsla í apríl 2003			17

Úthlutunin hér að ofan sýnir raunskiptingu í bekkjardeildir við Dalvíkurskóla án þess að nemendur á Húsabakka séu þar meðtaldir, því næst eðlilega skiptingu samkvæmt viðmiðum um nemendafjölda og loks skiptingu þar sem miðað við að búið hefði verið að færa starfsemi Húsabakkaskóla til Dalvíkurskóla.

Skoða má einnig á sama hátt og gert er í töflu 3 og 4 hér að ofan hver áhrif hefðu orðið á nemenda- og bekkjardeildafjölda við færslu starfsemi Húsabakkaskóla til Dalvíkurskóla hefði gerst skólaárið sem nú er nýhafið.

Tafla 5: Sameinaður nemendafjöldi Dalvíkur- og Húsabakkaskóla eftir árgöngum skólaárið 2004- 2005.

<i>Nemendafjöldi</i>				
<i>2004-2005</i>	<i>Bekkir</i>	<i>Dalvíkurskóli</i>	<i>Húsabakkaskóli</i>	<i>Samtals fjöldi</i>
	1. bekkur	18	9	27
	2. bekkur	24	4	28
	3. bekkur	28	0	28
	4. bekkur	13	7	20
	5. bekkur	23	6	29
	6. bekkur	17	3	20
	7. bekkur	19	4	23
	8. bekkur	33	11	44
	9. bekkur	37		37
	10. bekkur	36		36
Samtals		248	44	292
	Skýrsla í apríl 2003			310
	Breyting frá spá			-18

Af töflu 5 sést að 18 nemendum færra er við nám í báðum skólunum heldur en gert var ráð fyrir í skýrslu skólaþróunarsviðs (2003). Allir nemendur Dalvíkurbyggðar í 9. og 10. bekk eru í Dalvíkurskóla. Þegar skoðaðar eru sveiflur í nemendafjölda á milli hinna árganganna hjá Dalvíkurskóla sést að nemendur þar eru fæstir 13 í 4. bekk en flestir 33 í 8. bekk. Þegar nemendur úr Húsabakkaskóla eru taldir með nemendum Dalvíkurskóla verða nemendur fæstir 20. í 4. og 6. bekk og flestir 44 í 8. bekk. Um leið jafnast mjög sveiflur í nemendafjölda milli þessara árganga þar sem fjöldi nemenda í þeim öllum nema í 8. bekk er nú milli 20 og 29.

Samkvæmt skýrslu Vífils sem hér á undan er getið er líklegast að mest stærðar-hagkvæmni hjá heildstæðum grunnskóla sé við rúmlega 200 nemenda fjölda eða margfeldi þar af. Þannig nái skólinn oftast að mæta þeim sveiflum í árgöngum sem verða í kring um rúmlega 20 nemenda meðaltalsfjölda í bekk. Ljóst er að Dalvíkurskóli er þegar kominn af 200 nemenda hagkvæmnismarkinu og nær því ekki nægilega vel að mæta sveiflu í fjölda árganga. Þetta gerir það að verkum að minna finnst fyrir viðbótarnemendum frá Húsabakkaskóla en ella.

Af töflu 6 hér á eftir sést að Dalvíkurskóli hefur fækkað bekkjardeildum frá því sem áður var við skipulagningu á fjölda bekkjardeilda þetta skólaár. Er það gert með því að bæta við kennslu innan bekkjar til að leysa þann vanda þegar fjöldi nemenda fer yfir viðmiðunarmörk.

Tafla 6: Skipulagður fjöldi bekkjardeilda við Dalvíkurskóla skólaárið 2004-2005 og sambærileg skipting ef nemendur Húsabakkaskóla hefðu verið þar við nám.

<i>Bekkjardeildir</i>				
		Úthlutun	Viðmið	Viðmið
<i>2004-2005</i>	Bekkir	Dalvíkurskóli	Dalvíkurskóli	Báðir skólar
	1. bekkur	1,5	1	2
	2. bekkur	1,5	2	2
	3. bekkur	2	2	2
	4. bekkur	1	1	1
	5. bekkur	1,5	1	2
	6. bekkur	1	1	1
	7. bekkur	1	1	1
	8. bekkur	2	2	2
	9. bekkur	2	2	2
	10. bekkur	2	2	2
Samtals		15,5	15	17
	Slaki frá viðmiði		0,5	-1,5
	Skýrsla í apríl 2003			17

Áhrif aukningar á nemendafjölda í Dalvíkurskóla verða metin þannig að fullrar varfærni verður gætt. Þannig má af töflu 6 hér að ofan ætla að bæta hefði þurft við 1,5 bekkjardeild ef taka hefði átt við öllum nemendum Húsabakkaskóla í Dalvíkurskóla á yfirstandandi skólaári. Aukning hefði einnig orðið í kvótabundnum liðum sem vikulega hefði aukið viðbótarstundir skólabókasafns um 1,5 klukkustund og bætt við um 6,5 skiptistundum. Kennsluskylda aðstoðarskólalastjóra minnkar um 2 klukkustundir á viku við þetta en að auki mun hann hækka um launaflokk. Við kvótaúthlutun fyrir Dalvíkurskóla er hins vegar mjög ríflega tekið tillit til sérkennsluþarfa en þar eru reiknaðar 132 klukkustundir í stað 62 ef tekið er tillit til stífs viðmiðs í reglugerð um sérkennslu. Innan þess munar er einstökum verkefnum mætt. Þá er við sameinaðan Dalvíkurskóla góður nemendafjöldaslaki í bekkjardeildum. Því verður hvorki reiknað með aukningu þeirra 10 klukkustunda sérkennslukostnaðar á viku sem reiknað er með við kvótaúthlutun Húsabakkaskóla né heldur bætt við tímum vegna starfa sérkennslu-fulltrúa fyrir nemendur Húsabakkaskóla. Full staða telst vera 28 klukkustundir á viku. Reiknað verður með því að bæta þurfi við vegna almennrar kennslu, skiptistunda, sérkennslu og starfsmannaútreiknings sem jafngildir tveimur stöðum kennara vegna færslu starfsemi Húsabakkaskóla til Dalvíkurskóla.

4 Kostnaðargreining

Kostnaður af launum og launatengdum gjöldum vegna Húsabakkaskóla hefur á verðlagi hvers árs verið eins og sýnt er í töflu 7 hér á eftir. Í endurskoðaðri rekstraráætlun fyrir árið 2004 er gert ráð fyrir nokkurri lækkun.

Tafla 7: Laun og launatengdir liðir á verðlagi hvers árs.

<i>Húsabakkaskóli</i>	<i>Rauntölur</i>	<i>Rauntölur</i>	<i>Áætlun</i>
<i>Laun og launatengdir liðir</i>	2002	2003	2004
Kennslulaun samtals	22.434.029	24.100.213	23.258.173
Yfirstjórn samtals	483.846	721.965	1.057.215
Ræsting og húsvarsla	2.613.276	4.591.784	3.438.142
Vistun og mötuneyti	2.939.955	2.650.061	2.634.471
Laun bókasafn	0	0	0
<i>Laun og launatengdir liðir samtals</i>	28.471.106	32.064.023	30.388.000

Annar kostnaður vegna rekstrar grunnskólans sem birtist í töflu 8 virðist þróast mjög svipað og launakostnaðurinn í töflu 7 hér á undan. Taka verður tillit til þess að kostnaður vegna vörukaupa er að miklum hluta kaup á matvöru vegna mötuneytis og er því mætt með tekjum af mötuneyti eins og sýnt er í töflu 9 hér á eftir. Laun og annar kostnaður eru á verðlagi hvers árs um 36,5 milljónir króna árið 2002, hækka í um 41,3 milljónir króna árið 2003 en lækka í rúmar 38,5 milljónir króna í áætluninni fyrir 2004 (sjá töflu 8).

Tafla 8: Annar kostnaður í rekstri Húsabakkaskóla árin 2002-2004.

<i>Húsabakkaskóli</i>	<i>Rauntölur</i>	<i>Rauntölur</i>	<i>Áætlun</i>
<i>Annar kostnaður</i>	2002	2003	2004
<i>Fundakostnaður og risna</i>	0	0	10.000
Aðkeypt sundkennsla	500.000	500.000	500.000
Vegna fæðis	41.041	32.525	32.000
Vegna gæslu, ræstingar og húsvörslu	128.936	125.124	103.000
Vegna reksturs húsnæðis	2.219.588	1.506.216	1.643.000
Kostnaður vegna reksturs skrifstofu	605.071	723.263	605.000
Kostnaður vegna aðkeyptrar þjónustu	1.090.027	1.332.415	903.000
Kostnaður vegna vörukaupa	2.503.109	3.341.981	2.757.000
Vörukaup til kennslunota	357.334	545.775	342.000
Bókasafnskostur	121.424	123.313	120.000
Kostnaður vegna félagsstarfa	77.027	117.316	100.000
Fargjöld og dvalarkostnaður	296.471	338.180	390.000
Námskeiðsgjöld	86.500	124.400	200.000
Annar kostnaður	0	50.000	52.000
Sláttur opin svæði	0	387.135	400.000
<i>Annar kostnaður samtals</i>	8.026.528	9.247.643	8.157.000
<i>Laun og annar kostnaður samtals</i>	36.497.634	41.311.666	38.545.000

Tekjur (sjá töflu 9) af starfsemi Húsabakkaskóla eru auk tekna af mötuneyti húsaleigutekjur vegna sumarleigu af húsnaði skólans auk námsvistarstekna vegna barna úr öðrum sveitarfélögum sem sækja nám við Húsabakkaskóla.

Tafla 9: Tekjur af starfsemi Húsabakkaskóla á verðlagi hvers rekstrarárs.

<i>Húsabakkaskóli</i>	<i>Rauntölur</i>	<i>Rauntölur</i>	<i>Áætlun</i>
<i>Tekjur</i>	2002	2003	2004
Húsaleigutekjur	-1.019.860	-1.193.665	-1.100.000
Námsvistarstekjur barna utan lögh.	-1.962.750	-1.885.250	-1.399.000
Tekjur af mötuneyti	-1.839.132	-2.287.910	-1.740.000
<i>Tekjur samtals</i>	-4.821.742	-5.366.825	-4.239.000

Breytt var fyrirkomulagi við gjaldfærslu húsnaðiskostnaðar við uppgjör fyrir árið 2003. Frá þeim tíma hefur verið gjaldfærð reiknuð húsaleiga frá Eignasjóði þar sem útreikningur á reiknaðri húsaleigu er ætlað að ná yfir alla viðhaldsþörf húsnaðis, tryggingar og fasteignagjöld. Ganga verður út frá að útreikningur Eignasjóðs þeki þessa liði auk þess að taka tillit til fjármagnskostnaðar án þess að rekstur hans leggi til óþarfa kostnað. Í töflu 10 sést að ætlað er að upphæð reiknaðrar leigu fyrir árið 2004 standi í stað miðað við árið á undan. Þá er fært til óreglulegra liða gjaldfærsla vegna fjármögnunarsamninga til fjögurra ára vegna búnaðar fyrir Húsabakkaskóla. Samningar þessir voru gerðir árin 2002 og 2003 og mun því kostnaður samkvæmt samningunum falla til áfram árin 2005 og 2007.

Tafla 10: Reiknaðir liðir og óreglulegir vegna starfsemi Húsabakkaskóla á verðlagi hvers árs.

<i>Húsabakkaskóli</i>	<i>Rauntölur</i>	<i>Áætlun</i>
<i>Reiknaðir liðir og óreglulegir</i>	2003	2004
Reiknuð húsaleiga	5.521.000	5.521.000
Gjaldfærsla v. fjármögnun búnaðar	711.742	1.165.000
<i>Reiknaðir liðir og óreglulegir samtals</i>	6.232.742	6.686.000
<i>Rekstrarafkoma samtals</i>	42.177.583	40.992.000

Eins og fram hefur komið hér á undan kom það fram í skýrslu skólaþróunarsviðs kennaradeildar HA frá apríl 2003 að rekstur Húsabakkaskóla var í samræmi við vel rekna skóla í öðrum sveitarfélögum er bjuggu við svipaðar aðstæður. Þá bendir lækkun endurskoðaðrar rekstraráætlunar 2004 frá rekstri ársins 2003 til þess að enn hafi verið lagt upp með sparnað í rekstri skólans.

5 Hagkvæmnimat

Við mat á hagkvæmni þess að færa starfsemi Húsabakkaskóla til Dalvíkurskóla er gengið út frá eftirfarandi forsendum sem ráða mati á þeim viðeigandi kostnaði sem verður til vegna fyrirhugaðra breytinga:

1. Starfsemi grunnskólans að Húsabakka færist til Dalvíkurskóla haustið 2005.
2. Nemendur Húsabakkaskóla hefja nám við Dalvíkurskóla haustið 2005.
3. Starfsfólki Húsabakkaskóla sem rétt eiga á biðlaunum verður boðið sambærilegt starf við Dalvíkurskóla eða Dalvíkurbyggð, nema skólastjóra, en honum verður ekki hægt að bjóða sambærilegt starf. Öðrum starfsmönnum skólans verður annað hvort boðið starf við Dalvíkurskóla eða sagt upp störfum með eðlilegum uppsagnarfresti.
4. Breytingar á umfangi skólaaksturs vegna tilfærslunnar munu ekki valda hreinum kostnaðarauka.
5. Þó svo að fjölgun nemenda við Dalvíkurskóla vegna tilfærslunnar muni auka þrýsting á stækkun aðstöðu þar þá mun það eitt og sér ekki leiða til beinna fjárútláta á næstunni.
6. Starfsemi leikskóla við Húsabakkaskóla mun flytjast um áramót 2005-2006 í aðra leikskóla bæjarfélagsins án kostnaðarbreytinga.
7. Húsnæði Húsabakkaskóla og rekstur þess verður til fimm ára, frá og með áramótum 2005-2006, afhentur aðilum sem greiða engar leigugreiðslur en annast þess í stað nauðsynlegt viðhald eigna.

Vegna þeirrar óvissu sem er í umhverfi sveitarfélaga hvað varðar rekstur grunnskóla og aðkomu Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, þá verður mat á hagkvæmni miðað við næstu fimm skólaár frá og með hausti 2005. Innan þessa tímaramma verður að telja mjög líklegt að engin lækkun verði á framlagi Jöfnunarsjóðs til Dalvíkurbyggðar vegna færslu á starfsemi Húsabakkaskóla til Dalvíkurskóla. Beiðni til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga um óbreytt framlög til næstu fimm ára, í samræmi við 4. lið 3. greinar í reglugerð um nr. 351/2002, vegna slíkrar færslu hefur aldrei verið hafnað hjá Jöfnunarsjóði. Að sama skapi er alls óvíst um það hvaða reglur muni gilda um sjóðinn eftir fimm ár.

Við mat á hagkvæmni verður greiðslustreymi er myndast vegna fyrirhugaðra breytinga metið með 5% raunávöxtunarkröfu en það er í samræmi við þau kjör sem Aðalsjóður Dalvíkurbyggðar fær við lánafyrirgreiðslu vegna rekstrar síns.

Til þess að meta greiðslustreymi vegna ofannefndra breytinga á grunnskólarekstri Dalvíkurbyggðar verður gengið út frá því að endurskoðuð áætlun Húsabakkaskóla vegna rekstrar árið 2004 lýsi vel þeirri starfsemi sem farið hefði fram á staðnum næstu fimm skólaár.

Í samræmi við það sem fram hefur komið í lið 2 um fjölda nemenda í Húsabakka- og Dalvíkurskóla þarf að bæta tveimur kennarastöðum við hjá Dalvíkurskóla vegna færslunnar. Miðað er við að sá kostnaður sem þar fellur til sé árviss og nemi kr.

6.700.000 á ári. Þá er gert ráð fyrir því að skólustjóri nýti biðlaun sín til sex mánaða. Kostnaður sem þar fellur til er ætlaður kr. 3.000.000 og fellur hann aðeins til á fyrsta ári. Gert er ráð fyrir launakostnaði vegna reksturs húsnæðis til áramóta 2005. Eftir það er miðað við að nýir leigjendur taki við slíkum gjöldum. Ekki er gert ráð fyrir öðrum viðbótarkostnaði launaliða vegna þessa. Greiðslustreymi fyrsta skólaárs vegna launa og launatengdra gjalda er eins og sést af töflu 11 tæpar 20 milljónir króna en hækkar í tæplega 24 milljónir króna á ári eftir það.

Tafla 11: Árleg lækkun launakostnaðar til næstu fimm skólaára við færslu á starfsemi Húsbakkaskóla til Dalvíkurskóla. Miðað er við verðlag yfirstandandi árs.

<i>Húsbakkaskóli</i>	<i>Áætlun</i>	<i>Greiðslustreymi</i>	<i>Greiðslustreymi</i>
<i>Laun og launatengdir liðir</i>	2004	fyrsta skólaárs	næstu skólaára
Kennslulaun samtals	23.258.173	13.558.173	16.558.173
Yfirstjórn samtals	1.057.215	1.057.215	1.057.215
Ræsting og húsvarsla	3.438.142	2.732.601	3.438.142
Vistun og mötuneyti	2.634.471	2.634.471	2.634.471
Laun bókasafn	0	0	0
Laun og launatengdir liðir samtals	30.388.000	19.982.459	23.688.000

Lækkun annars kostnaðar vegna tilfærslunnar er mjög tengdur breytingu sem verður á heildarfjölda bekkja og hagkvæmni stærðar eins og fram hefur komið í umfjöllun um grein Vífils Karlssonar hér á undan.

Tafla 12: Árleg lækkun annars kostnaðar til næstu fimm skólaára við færslu á starfsemi Húsbakkaskóla til Dalvíkurskóla. Miðað er við verðlag yfirstandandi árs.

<i>Húsbakkaskóli</i>	<i>Áætlun</i>	<i>Greiðslustreymi</i>	<i>Greiðslustreymi</i>
<i>Annar kostnaður</i>	2004	fyrsta skólaárs	næstu skólaára
Fundakostnaður og risna	10.000	10.000	10.000
Aðkeypt sundkennsla	500.000	250.000	250.000
Vegna fæðis	32.000	0	0
Vegna gæslu, ræstingar og húsvörslu	103.000	68.667	103.000
Vegna reksturs húsnæðis	1.643.000	1.237.000	1.643.000
Kostnaður vegna reksturs skrifstofu	605.000	605.000	605.000
Kostnaður vegna aðkeyptrar þjónustu	903.000	801.833	903.000
Kostnaður vegna vörukaupa	2.757.000	967.000	967.000
Vörukaup til kennslunota	342.000	0	0
Bókasafnskostur	120.000	120.000	120.000
Kostnaður vegna félagsstarfa	100.000	50.000	50.000
Fargjöld og dvalarkostnaður	390.000	170.000	170.000
Námskeiðsgjöld	200.000	200.000	200.000
Annar kostnaður	52.000	52.000	52.000
Sláttur opin svæði	400.000	400.000	400.000
Annar kostnaður samtals	8.157.000	4.931.500	5.473.000
Laun og annar kostnaður samtals	38.545.000	24.913.959	29.161.000

Af töflu 12 hér að ofan má sjá að hagkvæmni stærðar nýtist verulega en að ákveðnir liðir falli engu síður eftir fjölda nemenda og verða því ekki til sparnaðar. Þannig lækkar kostnaður við aðkeypta sundkennslu hlutfallslega eftir fækkun bekkjardeilda og rekstur húsnæðis fellur til áramóta 2005/2006 þó svo að reiknað sé með minni

starfsemi seinni hluta árs 2005. Greiðslustreymi fyrsta skólaárs vegna annars kostnaðar er tæpar 5 milljónir króna fyrsta árið en hækkar í tæplega 5,5 milljónir króna á ári eftir það. Laun og annar kostnaður saman skapa 25 milljóna greiðslustreymi fyrsta skólaárið en hækka í rúmlega 29 milljónir króna á ári eftir það.

Einungis tekjur af leigu húsnæðis á sumrin hafa áhrif á greiðslustreymi breytinganna sem lækkar um 1,1 milljón króna á ári þar sem af henni verður í rekstrinum (sjá töflu 13). Þegar hefur verið tekið tillit til lækkunar annars kostnaðar vegna tekna af mötuneyti. Námsvistartekjur hafa ekki áhrif á greiðslustreymið þar sem reiknað er með að þær fylgi nemendum sem færast á milli skólanna.

Tafla 13: Árleg lækkun greiðslustreymis til næstu fimm skólaára vegna tekna við færslu á starfsemi Húsbakkaskóla til Dalvíkurskóla. Miðað er við verðlag yfirstandandi árs.

<i>Húsbakkaskóli</i>	<i>Áætlun</i>	<i>Greiðslustreymi</i>	<i>Greiðslustreymi</i>
<i>Tekjur</i>	2004	fyrsta skólaárs	næstu skólaára
Húsaleigutekjur	-1.100.000	-1.100.000	-1.100.000
Námsvistartekjur barna utan lögh.	-1.399.000	0	0
Tekjur af mötuneyti	-1.740.000		
Tekjur samtals	-4.239.000	-1.100.000	-1.100.000

Af töflu 13 sést að gjaldfærsla vegna fjármögnunar búnaðar er hér ekki talin hafa nein áhrif á greiðslustreymi breytinganna þar sem hvorki verði til sparnaður vegna tölvukaupa hjá Dalvíkurskóla vegna þessa né viðbótartilkostnaður vegna tölvubúnaðar fyrir þá kennara og/eða nemendur Húsbakkaskóla sem færast á milli.

Tafla 14: Árleg lækkun reiknaðs kostnaðar til næstu fimm skólaára við færslu á starfsemi Húsbakkaskóla til Dalvíkurskóla. Miðað er við verðlag yfirstandandi árs.

<i>Húsbakkaskóli</i>	<i>Áætlun</i>	<i>Greiðslustreymi</i>	<i>Greiðslustreymi</i>
<i>Reiknaðir liðir og óreglulegir</i>	2004	fyrsta skólaárs	næstu skólaára
Reiknuð húsaleiga	5.521.000	3.680.667	5.521.000
Gjaldfærsla v. fjármögnunar búnaðar	1.165.000	0	0
Reiknaðir liðir samtals	6.686.000	3.680.667	5.521.000
Greiðslustreymi samtals	40.992.000	27.494.626	33.582.000

Hér að ofan er gengið út frá því að reiknuð leiga Eignasjóðs sé byggð á raunhæfum forsendum. Ætla má því að óskilgreindir aðilar verði tilbúnir að taka við rekstri staðarins á sömu kjörum til fimm ára frá áramótum 2005/2006 að telja.

Önnur aðkoma að mati á útleigu húsnæðis og aðstöðu Húsbakkaskóla er sú að ganga megi út frá því að Dalvíkurbyggð geti boðið út aðstöðu þess húsnæðis sem hýsir Húsbakkaskóla og farið þar fram á að þar verði allt eðlilegt viðhald framkvæmt, fasteignagjöld og nauðsynlegar tryggingar greiddar auk þess sem um umhverfi húsnæðisins verði hirt á sómasamlegan hátt. Finna verði þá það markaðsverð sem aðilar væru til í að bjóða fyrir fimm ára not.

Hér er farið bil beggja og aðeins miðað við að aðilar væru tilbúnir til að greiða sömu upphæð og hin reiknaða leiga er. Þar væru innifalin fasteignagjöld sem í dag eru færð á aðra reikninga sveitarfélagsins en rekstur grunnskóla.

Við þessar forsendur verður jákvætt greiðslustreymi vegna breytinganna tæpar 27,5 milljónir króna fyrsta árið en um 33,5 milljónir króna árin þar á eftir. Heildar

greiðslustreymi skólaáranna fimm er á verðlagi rekstarárs 2004 136 milljónir ef ekki er tekið tillit til reiknaðra liða en tæpar 162 milljónir króna ef húsnaðiskostnaði er létt af bæjarfélaginu eins og gert er ráð fyrir hér að ofan (sjá töflu 15).

Tafla 15: Núvirt greiðslustreymi vegna færslu á starfsemi Húsabakkaskóla til Dalvíkurskóla. Raunávöxtunarkrafa er 5% sem er í samræmi við fyrirgreiðslu Aðalsjóðs. Horft er fram til fimm skólaára.

<i>Húsabakkaskóli</i>	<i>Fyrsta</i>	<i>Hvert næstu</i>	<i>Samtals</i>
<i>Núvirðing greiðslustreymis</i>	skólaárið	4 skólaára	greiðslustreymi
Streymi hvers árs án reiknaðra liða	23.813.959	28.061.000	136.057.959
<i>Núvirt streymi án reiknaðra liða</i>			117.444.644
Streymi reiknaðra liða	3.680.667	5.521.000	25.764.667
<i>Samtals streymi</i>	27.494.626	33.582.000	161.822.626
<i>Samtals núvirt streymi</i>			139.594.986

Ef greiðslustreymið er núvirt miðað við 5% ávöxtunarkröfu er um núvirtan sparnað fyrir þessi fimm ár að ræða upp á 117,5 milljónir króna ef ekki er tekið tillit til reiknaðra liða en tæpar 140 milljónir króna ella. Það er því ljóst að um verulegar upphæðir er að ræða þegar taka á afstöðu til færslu Húsabakkaskóla.

6 Lokaorð

Í þessari skýrslu hafa verið dregnar saman niðurstöður af skoðun á kostnaði við rekstur Húsabakkaskóla og Dalvíkurskóla með það fyrir augum að draga fram hagkvæmni af því að sameina skólahlald þessara tveggja skóla á Dalvík. Meginniðurstaða úttektarinnar er sú að verulegu fjárhagslegu hagræði má ná með því að sameina skólana tvo án þess að þjónusta við nemendur sé skert. Því má jafnvel halda fram að í sumum tilfellum sé hún aukin. Úttektin er gerð sem innlegg í umræðu um skólahlald í Dalvíkurbyggð en getur á engan hátt skoðast sem tillaga um tiltekna aðgerð af hálfu skólayfirvalda. Þann vanda verða heimamenn að sitja með þar sem taka þarf tillit til fleiri þátt en hér er gert.

Skýrsluhöfundar vilja koma á framfæri þakklæti til allra þeirra sem veittu aðstoð við gerð þessarar skýrslu.

7 Heimildir

Dalvíkurskóli (2004). Sótt í september 2004. Sjá:<http://dalvikurskoli.is/nemendur.htm>

Hagstofa Íslands (2004). Sótt í september 2004. Sjá:

http://www.hagstofa.is/template_lb_frameset.asp?PageID=311&intPXCatID=158&ifrmsrc=/temp/skolamal/grunnskolar.asp

Helgi Gestsson, Trausti Þorsteinsson. 2003. Dalvíkurbyggð. Framtíðarskipan grunnskólamála. Skólaþróunarsvið kennaradeildar HA (skýrsla).

Húsbakkaskóli (2004). Sótt í september 2004. Sjá:

<http://husabakkaskoli.ismennt.is/?category=9>

Vífill Karlsson.http://www.bifrost.is/Files/Skra_0001277.pdf